

Dagsetning: 30.06.2022

Sendandi: Linda Karen Gunnarsdóttir

## Umsögn um drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum

Ég harma þá ákvörðun ráðherra að blóðtaka á fylfullum hryssum verði leyfð áfram næstu þrjú ár þar sem það er í andstöðu við velferðarsjónarmið og góða dýravelferð.

Ég legg til eftirfarandi breytingar á þessari reglugerð.

**5. gr. d)** *Skráning á öllum slysum og dauðsföllum sem verða hjá hryssum og folöldum.*

Hér vil ég leggja til að fylgikvillar blóðtöku verði einnig skráðir og þessi liður gerður skýrari með nánari lýsingu. Greinin verði svohljóðandi:

*Skráning á öllum slysum, fylgikvillum blóðtöku og dauðsföllum sem verða hjá hryssum og folöldum fyrir og eftir blóðtöku vegna álags.*

**5. gr. e)** *Mælingar hjá opinberri rannsóknastofu á blóðrauða og blóðkornahlutfalli á marktæku hlutfalli hryssnanna á hverju ári.*

Ég tel óásættanlegt að hagsmunaaðilar, hér fyrirtækið Ísteka, geti séð um svo mikilvægt eftirlit með velferð þessara hryssna og tel nauðsynlegt að óháður aðili standi að þessum mælingum. Mælingar hafa þar að auki verið gerðar á mjög litlu úrtaki á blóðtökutímabili, 2%, sem getur ekki gefið trausta eða marktæka niðurstöðu.

Blóðmagn er breytilegt eftir einstaklingum og með því að mæla blóðrauða allra hryssa fyrir blóðtökutímabil má koma í veg fyrir að blóðlittlar hryssur verði notaðar.

Greinin verði svohljóðandi:

*e) Mælingar hjá opinberri, óháðri rannsóknastofu á blóðrauða og blóðkornahlutfalli á marktæku hlutfalli hryssnanna á hverju ári. Blóðrauði er mældur hjá öllum hryssum fyrir blóðtökutímabil.*

**8 gr. e)** *Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í 6 vikur ár hvert.*

Ég fagna því að skráð verði í reglugerð að ekki megi taka blóð oftar en að hámarki 6 vikur. Blóðtaka hefur staðið yfir í allt að 8 vikur og er jákvætt skref í þágu dýravelferðar að það verði gert óheimilt. Hins vegar eru engar óháðar rannsóknir sem sýna að svo mikil blóðtaka í svo langan tíma hafi ekki neikvæð áhrif heilsu og velferð hryssanna. Fimm lítrar af blóði eru 15-20% af heildarblóðmagni hryssu og sýna rannsóknir á blóðtöku spendýra að slík blóðtaka gangi langt út yfir heilsusamleg mörk.

Í upphafi draga þessarar reglugerðar segir: „Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði allra hryssna sem nýttar eru í blóðtöku...”. Þar sem áhrif þessarar blóðtöku, í þeirri mynd sem hún hefur verið, hefur ekki verið rannsökuð af óháðum aðilum, verður að styðjast við alþjóðleg viðmið, sem eru 7,5% heildarblóðmagns. Ef ákveðið verður að taka 15-20% heildarblóðmagns vikulega er það í fullkomnu ósamræmi við þau viðmið sem erlendar rannsóknir segja til um sem er óásættanlegt. Ef blóðmagn verður áfram 5 lítrar á viku verður velferð og heilbrigði þessara hryssna ekki tryggt.

Ég legg til eftirfarandi breytingu:

*8 gr. e.) Aldrei má taka meira en 2 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í 5 vikur ár hvert.*

**8. gr. g)** *Aðeins má taka blóð úr hryssum sem hafa náð fjögurra vetra aldri (verða 4 ára á árinu) og ekki má taka blóð úr hryssum sem eru eldri en 24 vetra.*

Það er jákvætt að skráð sé í reglugerðina að ekki megi nota hryssur undir 4 vetra til blóðtöku. Ekki ætti að leyfa blóðtöku úr hryssum yngri en 4 vetra þar sem þær þá enn örum vexti og almenn venja á meðal hrossabænda að halda ekki hrossum yngri en 4 vetra. Ég legg til að hámarksaldur verði 20 vetra í stað 24 vetra þar sem 24 vetra hross eru orðin mjög öldruð og gæti tíð blóðtaka reynst þeim mikið álag.

Greinin hljóði þannig:

*8. gr. g) Aðeins má taka blóð úr hryssum sem hafa náð fjögurra vetra aldri (verða 4 ára á árinu) og ekki má taka blóð úr hryssum sem eru eldri en 20 vetra.*

**8 gr. k)** *Aðstaða til blóðtöku skal vera þannig að ekki skapist hætta á að hryssur og folöld verði fyrir slysi.*

Blóðtökubásar þurfa að vera eins búnir á öllum stöðum og þeir staðlaðir. Það þarf að fara fram mat á því hvernig blóðtökubásar skuli vera útbúnir til að tryggja sem minnsta slyshættu og því lýst ítarlega í reglugerðinni. Eðlilega ætti kostnaður við efni og uppsetningu blóðtökubása á þeim stöðum sem stunda blóðmerahald að vera á höndum hagsmunaaðila, þ.e. fyrirtækisins Ísteka sem stendur fyrir blóðtökunni.

**8 gr. m)** *Gætt skal að velferð hryssnanna við rekstur í rétt og við blóðtökuna með nærgættinni umgengni og uppbindingu.*

Til þess að þetta náist fram þarf að vera gerð sú krafa í reglugerðinni allar hryssur séu gerðar bandvanar, þ.e. þær hljóti lágmarks tamningu. Slík tamning er einnig nauðsynleg svo hægt sé að snyrta hófa eins og krafa er gerð um í reglugerð 910/2014 um velferð hrossa, en það þarf að gera árlega svo vel sé.

Ef hryssurnar eru bandvanar minnkar það líkurnar á að þær verði hræddar á blóðtökubás og fari að berjast um þar til þær fara í ástand lærðs hjálparleysis, sem hefur verið sú aðferð sem hefur verið notuð við blóðtöku. Ég leyfi mér að fullyrða það þar sem um hefur verið að ræða ótamdar hryssur að mestu leyti. Slík nálgun við dýr er grimmt, á ekki heima í nútímanum og er alls ekki í samræmi við meðferð á hrossum hér á landi.

Ef hryssurnar hafa hlotið fortamningu þá ætti ekki að þurfa að binda þær niður yfir bak og eðlileg krafa að það sé óheimilt. Það er í samræmi við 9. gr. reglugerð 910/2014 um velferð hrossa: „Óheimilt er að þvinga hross í höfuðburð með búnaði sem gefur ekki eftir eða að uppgefa hross með bindingum eða öðrum þvingunum”.

Í samræmi við reglugerð 910/2014 ég legg til að greinin hljóði þannig:

*8. gr. m) Gætt skal að velferð hryssnanna við rekstur í rétt og við blóðtökuna með nærgættni í umgengni. Óheimilt er að þvinga hross í uppbindingu. Binding yfir bak er óheimil.*

**8 gr. n)** *Ef blóðtakan veldur hryssu þjáningu eða ógnar velferð hennar skal dýralæknirinn umsvifalaust hætta blóðtöku á viðkomandi hryssu.*

Samkvæmt myndbandi frá dýravelferðarsamtökunum AWF brugðust dýralæknar ekki við þegar hryssur á blóðtökubás voru beittar harðýðgi sem er bannað samkvæmt reglugerð 910/2014 um velferð hrossa. Hryssunar eru lítið sem ekkert tamdar og í myndbandinu var ljóst að meðhöndlunin byggðist á að koma þeim í ástand lærös hjálparleysis, þ.e. dýrið gefst upp þegar það finnur að það getur hvorki flúið áreiti eða barist á móti. Í þessum tilfellum brugðust dýralæknar skyldum sínum gagnvart dýrum sem er alvarlegt mál. Í því ljósi er áhyggjuefni hvort dýralæknar í blóðtöku muni bregðast við í slíkum tilfellum við blóðtöku. Dýralæknar í blóðtöku eru þar að auki á vegum fyrirtækisins Ísteka, þ.e. geta ekki talist óháðir aðilar. Matvælastofnun hefur hins vegar lagt allt sitt traust á þessa aðila, þrátt fyrir að myndband AWF sýndi aðgerðarleysi þeirra þegar dýr voru beitt harðýðgi sem var klárt brot á dýravelferðarlögum.

### Ábendingar

Það er jákvætt að í reglugerð þessari er lagt til að blóðtökutímabil sé 6 vikur og að það sé lögð áhersla á nærgætni og velferð. Hins vegar vantar í reglugerðina það skilyrði að hryssur í blóðtöku séu gerðar bandvanar. Það er frumskilyrði að hryssurnar hljóti lágmarks tamningu svo hægt sé að meðhöndla þær þannig að þær séu undir sem minnstu álagi við þessar aðstæður. Einnig þarf að taka fram í reglugerð að notuð sé ný nál fyrir hverja hryssu og verklag dýralækna sé smitfrítt. Með því má lágmarka sársauka og sýkingu í sári.

Fagráð um velferð dýra lagði til að myndavélaeftirlit skuli vera með blóðtökunni og þegar hryssa er leidd til og frá blóðtökubás. Þessi tilmæli Fagráðs ætti að taka inn í reglugerðina. Með slíku eftirliti felst aukið aðhald, enda aðeins hagsmunaaðilar sem koma að blóðtökunni á hverjum stað í raun, þ.e. eru að þiggja greiðslur frá fyrirtækinu sem stendur fyrir starfseminni. Óháður aðili getur betur tryggt velferð þessara dýra og myndavélaeftirlit þjónar þeim tilgangi.

Fyrirtækið Ísteka heldur hundruði hryssna víða um land og hefur þar aðila sem fyrirtækið greiðir fyrir að hugsa um hryssur þeirra árið um kring og fyrir að koma að blóðtökunni. Það verður að teljast varhugavert þar sem slíkir aðilar eru síður líklegir til að skrá það sem út af ber heldur en bændur sem eru með eigin hross, vegna þeirrar stöðu sem þessir aðilar eru í gagnvart fyrirtækinu.

Einnig verður að minnast á að Ísteka hefur verið að slátra 8 vikna gömlum folöldum á sumrin til þess að blóðtakan á ótömdum hryssum í þeirra eigu reynist þeim auðveldari. Að slátra 8 vikna folöldum verður að teljast grimmt og setur mikið álag á folöldin að fara svo ung frá hryssunum. Í reglugerðinni ætti að taka fram að folöld eigi að ganga með hryssum fram á haust eins og hefðbundið er í hrossakjötsframleiðslu hér á landi. Annað er fullkomlega óásættanlegt og andstætt velferðarsjónarmiðum.

Ég legg til að eftirfarandi lið verði bætt við reglugerð þessa:

*Folöld skulu ganga undir hryssum í blóðtöku fram á haust, óheimilt er að slátra folöldum yngri en 12 vikna.*

Virðingarfyllst,

Linda Karen Gunnarsdóttir, hestafræðingur